

Hvað er hálsbólga?

Hálsbólga er sýking í hálskirtlumog umhverfis þá. Bæði veirur og bakteríur valda hálsbólgu. Hálsbólga getur komið fram ein og sér en fylgir oft öðrum sýkingum t.d. flensu og [einkirningasótt](#). Hálsbólga leggst á alla aldurshópa. Helstu einkenni eru særindi í hálsi og eymsli við að kyngja. Ef sýkingin er af völdum bakteríu er stundum gefið sýklalyf við henni.

Hver er orsök?

Hvernig smitast menn af veiru eða bakteríu?

- Veirur sem valda kvefi og veiran sem veldur einkirningasótt geta einnig valdið hálsbólgu. Veirur berast manna á milli með andrúmsloftinu eða með beinni snertingu.
- Algengasta bakterían sem veldur hálsbólgu er keðjukokkur (*streptókokkar*). Bakterían berst milli ýmist með andrúmslofti (svokallað úðasmit) eða snertingu (líkt og veirusmit). Frá smiti geta liðið 2-4 dagar áður en einkennin koma fram.

• Hver eru einkennin?

- Hálssærindi og eymsli þegar kyngt er.
- Verkurinn getur leitt út í eyru.
- Roði í hálsi, bólgnir hálskirtlar, jafnvel með skán.
- Hiti.
- Eitlastækkar á hálsi.
- Ef hálsbólgan er af völdum veiru er hún yfirleitt vægari og henni fylgir oft kvef.
- Í hálsbólgu af völdum *coxsackie* veiru geta myndast litlar blöðrur á hálskirtlunum og á efri gómi. Blöðrurnar springa eftir nokkra daga og þá myndast sár sem geta valdið miklum verkjum.
- Hálsbólga af völdum keðjukokka (*streptókokka*) veldur yfirleitt bólgu í hálskirtlunum ásamt skánmyndun, særindum í hálsi, hita og andremmu.

• Hvað er til ráða?

- Leita skal lækni við langvarandi einkenni, háan hita eða ef útbrot koma fram skal leita lækni.
- Óþægindin má lina með volgum drykkjum og fljótandi fæði.
- Gott er að drekka nóg af vatni.
- Hvernig greinir læknirinn sjúkdóminn?

Greiningin byggist á einkennum. Stundum er tekið hálsstrok í skyndipróf fyrir ákveðna streptókokkategund sem er meðhöndluð með sýklalyfi.

- Batahorfur

Yfirleitt stafar engin hættu af hálsbólgu og hún hverfur að öllu jöfnu innan viku. Hinsvegar getur hálsbólga haft aðra sjúkdóma í för með sér:

- hálsbólga af völdum keðjukokka (*streptókokka*) getur valdið útbrotum (skarlatssótt).
- kýli geta myndast á hálskirtlum, yfirleitt öðrum megin.